



Alpýðusamband Íslands

Til landssambanda og aðildarfélaga innan ASÍ

23. júní 2021

Efni: Framhald 44. þings ASÍ 8.–9. september 2021

44. þingi Alpýðusambands Íslands verður fram haldið dagana 8.– 9. september nk. á Hótel Nordica, Reykjavík. Dagskrá hefst miðvikudaginn 8. september kl. 11 og því lýkur síðdegis 9. september. Fyrri hluti þingsins fór fram 21. október sl. en málefnavinnu var frestað vegna samkomutakmarkana í tengslum við COVID-faraldurinn. Drög að dagskrá hefur verið birt á vef þingsins með fyrirvara um breytingar og öll þingskjöl eru aðgengileg þar. Vefur þingsins er: <https://www.asi.is/thing2020/>. Athugið að ekki er boðið upp á prentuð gögn á þinginu.

Málafni fyrir þingið

Í samræmi við ákvörðun miðstjórnar Alpýðusambands Íslands frá 6. maí 2020 er er yfirskrift 44. þings ASÍ: „**Réttlát umskipti**“. Gögn send út til aðildarfélaganna og birt þingfulltrúum rafrænt á vef þingsins áður en þingið hófst í október sl.

Unnið verður eftir fjórum málefnaflokkum sem eru eftirfarandi:

- Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni – góð græn störf
- Réttindi og félagsleg vernd
- Menntun til framtíðar
- Réttlátt skattkerfi

Jafnframt verður laganefnd starfandi á þinginu.

Fyrirkomulag málefnavinnu

Á þingvefnum er að finna umræðuskjöl sem undirbúin hafa verið af starfsnefndum miðstjórnar ASÍ og eru grundvöllur málefnavinnunnar. Þunginn í málefnavinnunni fer fram síðdegis á miðvikudegi og er þá þingfulltrúum skipt í 10-12 manna hópa, að lokinni fyrstu umræðu um málefnið. Jafnframt er skipuð ritnefnd fyrir hvert málefnasvið sem hefur það hlutverk að fullklára stefnudrögin fyrir afgreiðslu þingsins, auk miðlægrar ritnefndar sem gegnir samræmingarhlutverki.

Allir þingfulltrúar taka þátt í hópavinnu í þeim fjórum málefnaflokkum sem teknir verða fyrir á þinginu. Unnið verður með „þjóðfundarfyrirkomulagi“ sem tryggir virka þátttöku og möguleika allra fulltrúa á þinginu á að koma að mótun stefnu ASÍ á öllum málefnasviðum sem eru til umfjöllunar. Hver hópur tekur öll málefnið fyrir og er notast við fundarform sem byggir á sem mestri virkni fundarmanna. Hópstjórar og ritarar safna saman athugasemdum, tillögum og ábendingum og koma þeim til ritnefndar.

Á fimmtudagsmorgni er unnið í fjórum málefnaþópum og stefnudrög fyrir hvern og einn málefnaflokk fullbúin. Þingfulltrúar velja hvaða hópi þeir sitja í. Á fimmtudagsmorgni verður er unnið í fjórum málefnaþópum og stefnudrög fyrir hvern og einn málefnaflokk fullbúin til afgreiðslu fyrir alla þingfulltrúa í sal. Þingfulltrúar skrá sig í eina af þessum fjórum málefnanefndum. Félögin eru hvött til að fá þingfulltrúa til að dreifa sér milli hópa. Skráningar þurfa að berast Ástríði Andrésdóttur fyrir 1. september á netfangið asta@asi.is.

Lagabreytingar

Fyrir þinginu liggja lagabreytingartillögur sem eru aðgengilegar inni á þingvef. Í samræmi við tillögu skipulags- og starfsháttarnefndar ASÍ hefur miðstjórn ákveðið að leggja til við þingið að lagabreytingartillögur frá FVSA og VR um innra starf, sem finna má á þingskjali 10, verði frestað og að hún fari fram á milli 44. og 45. þings svo tryggja megi sem víðtækasta þátttöku í umræðunni um innra starf ASÍ. Verður tillaga miðstjórnar um frestun tekin til atkvæðagreiðslu á þinginu.

Lagabreytingartillaga frá formanni VR um breytingu á árlegum skatti aðildarfélaga til ASÍ verður til afgreiðslu á þinginu. Mælt verður fyrir tillögunni á þinginu og hún svo send til umræðu í laganefnd sem starfar samhliða málefnaþópum. Öllum þingfulltrúum er frjálst að taka sæti í laganefnd. Skráningar í laganefnd þurfa að berast Ástríði Andrésdóttur fyrir 1. september á netfangið asta@asi.is.

Túlkun, þýðingar og önnur aðstoð

Boðið verður upp á skrifttúlkun milli ensku og íslensku á þinginu. Þá mun einn eða fleiri málefnaþópar starfa á ensku og til álita kemur að einn hópur starfi á pólsku. Aðildarfélög eru beðin um að láta vita um þingfulltrúa sem munu nýta sér túlkun og sem kjósa að taka þátt í nefndarstarfi á ensku eða pólsku.

Helstu þingskjöl verða þýdd á ensku og birt á þingvefnum.

Vinsamlegast látið skrifstofu ASÍ vita ef þörf er á aukinni eða annars konar aðstoð á þinginu.

Óskir sem varða túlkun, þýðingar og aðra aðstoð mega berast Eyrúnu Björk Valsdóttur, eyrun@asi.is.

Hagnýt atriði

Um greiðslu kostnaðar vegna ferða þingfulltrúa fer samkvæmt [reglugerð um greiðslu ferðakostnaðar þingfulltrúa og vegna formannafundar](#), sem er aðgengileg á vefsíðu ASÍ undir flípa um Lög ASÍ, reglugerðir og reglur. Eyðublað vegna endurgreiðslu mun vera birt á þingvefnum. Ása Jónsdóttir, gjaldkeri ASÍ, tekur við beiðnum um endurgreiðslu á netfangið asajons@asi.is.

Fyrirkomulag um flug vegna þingsins er eilítið breytt þar sem Icelandair hefur tekið yfir starfsemi Flugfélags Íslands og ekki er lengur hægt að panta flug í reikning. Aðildarfélög verða því að bóka flug á eigin kostnað og fá endurgreitt með sama hætti og annan ferðakostnað.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim sem fyrst. Alþýðusambandið hefur tekið frá herbergi á Hótel Hilton Nordica fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það.

Þá er rétt að benda á að oft er hægt að fá hagstæð tilboð á hótलगistingu á vefnum.

Frekari upplýsingar um dagskrá og hagnýt atriði vegna þingsins verða sendar til aðildarfélaganna í ágúst n.k. ásamt frekari gögnum.

Gátlisti fyrir formenn

- Panta flug og hótél fyrir þingfulltrúa ef við á.
- Láta Eyrúnu Björk Valsdóttur (eyrun@asi.is) vita um þingfulltrúa sem munu nýta sér túlkun og fulltrúa sem gætu viljað sitja í enskumælandi málefnaþópi og í pólskumælandi málefnaþópi, sem og um aðra æskilega aðstoð.
- Hvetja þingfulltrúa til að kynna sér þinggögn og móta sér afstöðu til málefnavinnu þingsins.
- Tryggja að þingfulltrúar skrái sig til þátttöku í málefnanefndum og laganefnd fyrir 1. september 2021.

Virðingarfyllst,

Halla Gunnarsdóttir

Halla Gunnarsdóttir
framkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt

Drög að dagskrá framhalds 44. þings ASÍ